

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju Faxamjöls hf., Örfirisey, Reykjavík.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiskúrgangi og úrgangsfiski. Starfsleyfið nær þó ekki til vinnslu á fiski, sem fyrst og fremst er veiddur til bræðslu. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu miðast við 120 tonn af fiskúrgangi á sólarhring.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Þar sem ekki eru mannvirki eða gróðurbeð skal leggja lóð verksmiðjunnar bundnu slitlagi. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækkun verksmiðjunnar er óheimil, nema að fengnu nýju starfsleyfi. Í vafatilfellum skal leita úrskurðar Hollustuverndar ríkisins um hvað teljast umtalsverðar breytingar.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við umhverfisráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma frá starfseminni skaðleg eða óæskileg áhrif á umhverfið eða heilsu almennings, sem ekki voru ljós fyrir.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Fyrirtækið, eða verk taki á þess vegum, skal annast flutninga á hráefni frá fiskvinnslustöðvum. Þó er fyrirtækinu heimilt að taka á móti úrgangi frá fiskisölum. Hráefni, sem verksmiðjan tekur á móti, skal ekki vera eldra en sólarhrings gamalt. Öll flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaðeld, yfirbyggð eða með yfirbreiðslur og viðurkennd af heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Flutningstæki skulu vandlega þrífín strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar.
- 2.2. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum kældum geymslum. Hitastig í þeim skal vera á bilinu 1 til 8 gráður á celsius. Hráefni hvers dags skal geyma aðskilið, merkja greinilega með dagsetningu þess dags sem það barst, og vinna sér. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Þann hluta hráefnisgeymslu sem tæmdur hefur verið, ásamt tæmingarbúnaði, skal skola strax með köldu vatni og þrifa síðan rækilega. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t.d. með notkun háþrýstibúnaðar og taka skolvatnið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.3. Tæming hráefnisgeymsla skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel strax að loknu verki. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan svæðis er óheimill.
- 2.4. Hráefni skal tekið til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Hráefni skal ekki geyma lengur en þrjá sólarhringa í hráefnisgeymslu, áður en það er tekið til vinnslu. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur getur veitt undanþágu frá þessari kröfu, ef ástæða þykir til.
- 2.5. Fyrirtækið skal hafa tiltæka áætlun, þar sem fram kemur hvað skuli gera við hráefni í geymslum og sem til fellur hjá þeim fyrirtækjum sem skipta við verksmiðjuna þegar vinnslustöðvun verður vegna bilunar, eða af öðrum orsökum. Áætlunin, þar sem fram kemur skuldbinding þeirra aðila sem taka við hráefninu þegar vinnsla stöðvast, skal viðurkennd af Hollustuvernd ríkisins.

- 2.6. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lyktheyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með. Verulegar lyktaruppsprettur eru t.d. forsjóðarar, pressur, sniglar, soðkjarntankar, skilvindupallur og hráefnisþrær.
- 2.7. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með virka skiljunarhæfni og síðan til lyktheyðingar.
- 2.8. Lyktheyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni og með brennslu lyktarefnanna. Við lyktheyðingu með brennslu skal hita útblástursloft í a.m.k. 1000°C. Síritandi hitamælir, til stöðugra mælinga á meðan vinnsla er í gangi, skal tengdur eldhólfi ofnsins þar sem lyktheyðing á sér stað.
- 2.9. Útblástur að lokinni lyktheyðingu skal leiða út í gegnum skorstein, sem er ekki lægri en tvisvar sinnum húshæð verksmiðjunnar miðað við gólfhlöt.
- 2.10. Soðkjarntæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.11. Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Áður en hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) hans vera á bilinu 5 til 9.
- 2.12. Frárennsli úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og það ásamt öðru frárennsli leitt í veitukerfið. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðurkenndan hátt. Fiskmjölsverksmiðjan skal leita samþykkis Hollustuverndar ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.13. Framkvæma skal reglulega athugun á svifögnum í fráveituvatni þvottaturns. Greina skal a.m.k. eitt síni daglega. Á fyrsta ári skal samhliða svifagnamælingum taka 8 síni, reglulega dreift yfir árið, til COD mælinga. Næsta ár skal taka tvö síni til COD mælinga.
- 2.14. Lýsisgeymir skal vera í lýsisheldri varnarþró að rúmtaki ekki minni en rúmtak geymisins. Séu fleiri en einn geymir í sömu varnarþró skal rúmtak hennar vera a.m.k. jafn mikið og rúmtak stærsta geymisins. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.15. Um frágang olúgeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt gildandi reglum hverju sinni.
- 2.16. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi og hafa reglulegt eftirlit með honum. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði eða starfi hann af óviðráðanlegum orsökum ekki sem skyldi skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um bilunina, sem metur hvort þörf sé sérstakra aðgerða. Verði bilun í lyktheyðingarbúnaði verksmiðjunnar skal stöðva vinnsla þegar í stað og ekki hefja hana að nýju fyrr en bilunin hefur verið lagfærð.
- 2.17. Verksmiðjan skal hafa reglulegt eftirlit með öllu er varðar rekstur fyrirtækisins og haft getur áhrif á mengun frá starfsemi á einhvern hátt. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal eftirlitsaðila heimill aðgangur að þeim hvenær sem er. Í dagbók skal m.a. skrá upplýsingar um hvenær vinnsla fór fram, magn og aldur hráefnis, hitastig við lyktheyðingu, tæming fitugildru, magn og sýrustig hreinsivökva, svifagnir í fráveitu frá þvottaturni o.fl.
- 2.18. Að ári liðnu frá því verksmiðjan tekur til starfa, skal fara fram athugun á virkni hreinsibúnaðar og á umhverfisáhrifum starfseminnar. Sú athugun skal framkvæmd af viðurkenndum aðila í samráði við Hollustuvernd ríkisins og skal meðal annars kanna hvort íbúar og fyrirtæki á svæðinu hafi orðið fyrir óþægindum vegna starfseminnar og þá

hve miklum. Við mat á óþægindum skal m.a. taka mið af veðurfari á árinu með hliðsjón af meðalaðstæðum. Niðurstöður athugunar skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um hugsanlega endurnýjun starfsleyfis eða endurskoðun, ef þörf krefur, með auknum mengunarvarnarkröfum.

3. Eftirlitsgjöld.

- 3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald, sem standa skal undir reglubundnu eftirliti, í samræmi við þriðja flokk gjaldskyldra fyrirtækja sbr. 3. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990 með síðari breytingum.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við ákvæði í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1994.

5. Ákvæði til bráðabirgða.

- 5.1. Fyrir 1. september 1992 skal fyrirtækið hafa gengið frá lóð verksmiðjunnar í samræmi við grein 1.2. og 2.1. og hafa uppfyllt ákvæði um olíu- og lýsisgeyma í samræmi við greinar 2.14. og 2.15.

Umhverfisaráðuneytið, 10. janúar 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætast við viðauka reglugerðarinnar:
1212.9901, 1212.9909, 3916.1009, 3916.2009, 3916.9009, 3917.2209, 3920.5909, 4409.1009, 4409.2009, 7419.9902, 8535.9000.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr viðauka reglugerðarinnar:
1212.9900, 1519.3000, 3916.1000, 3916.2000, 3916.9000, 3917.2200, 3920.5900, 4409.1000, 4409.2000, 7419.9903, 8535.9001, 8535.9009.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.